

REGLUGERÐ FYRIR LÍFEYRISSJÓÐ TANNLÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS

1. gr. Nafn og heimili.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Hlutverk sjóðsins og deildarskipting.

Hlutverk sjóðsins er að taka við tillögum sjóðfélaga og ávaxta þau til þess að bæta efnahagslega afkomu sjóðfélaga og aðstandenda þeirra, þegar atvinnutekjur bregðast vegna elli, örorku eða fráfalls sjóðfélaga.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, séreignadeild og dánar- og örorkubótadeild, sem er sameign allra sjóðfélaga.

3. gr. Sjóðfélagar.

Sjóðfélagar eru fullgildir meðlimir í Tannlæknafélagi Íslands, sem ekki er að lögum skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Þeim meðlimum Tannlæknafélags Íslands, sem skylt er að vera í öðrum lífeyrissjóði, er þó heimilt að vera einnig í þessum sjóði, ef þeir hafa tekjur af tannlækningum, sem þeir greiða ekki iðgjöld af í hinn sjóðinn.

4. gr. Iðgjöld til sjóðsins.

Lágmarksiðgjald sjóðfélaga fer eftir ákvæðum laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og reglugerð settri samkvæmt þeim lögum.

Sjóðfélaga, sem vinnur hlutastarf í tannlækningum eða greiðir í annan lífeyrissjóð (sbr. 3. gr.), er heimilt að greiða hálf tölur iðgjald í sjóðinn. Sjóðfélaga, sem er við nám og hefur því ekki tekjur af tannlækningum, er heimilt að greiða einungis árgjaldið í dánar- og örorkubótasjóð, sem nú er 6% af fullu iðgjaldi.

Heimilt er sjóðfélögum að greiða meira en lágmarksiðgjald. Skylt er sjóðfélögum að greiða iðgjöldin á réttum gjalddögum, hvort sem krafa hefur borist frá sjóðnum eða ekki.

Af iðgjöldum skal árlega greiða í dánar- og örorkubótasjóð 6% af heildartölu lágmarksiðgjalda, sömu upphæð frá hverjum sjóðfélaga. Heimilt er sjóðstjórninni að breyta þessu framlagi um eitt ár í senn eftir aðstæðum.

Iðgjöldin greiðast ársfjórðungslega í febrúar, maí, ágúst og nóvember eigi síðar en 15. hvers þessara mánaða. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á sjóðnum að öðru leyti en með því að greiða iðgjald sitt á réttum tíma

og því, er segir í síðustu málsgrein 9. greinar.

Sjóðfélagi, sem er í vanskilum um meira en eina iðgjaldagreiðslu, nýtur ekki réttinda í dánar- og örorkubótasjóði og ekki heldur aðstandendur hans. Hann á heldur ekki rétt á lánum úr sjóðnum. Réttindi þessi koma í gildi á ný, þegar sjóðfélaginn hefur greitt að fullu vangoldin iðgjöld með lögboðnum dráttarvöxtum. Réttur til örorkulífeyris tekur þó ekki til örorku, er hann var haldinn áður en hann gerðist sjóðfélagi á ný.

5. gr. Stjórn sjóðsins og hlutverk hennar.

Aðalfund skal halda á tímabilinu janúar til mars ár hvert. Félagsfundur getur þó breytt aðalfundartíma, ef sérstaklega stendur á. Til aðalfundar skal boða með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn er lögmaður sé löglega til hans boðað.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Þeir eru kosnir á aðalfundi sjóðsins til þriggja ára. Í fyrsta sinn eru kosnir tveir til þriggja ára, einn til tveggja ára og einn til eins árs. Stjórnina skipa formaður, ritari, gjaldkeri og 2 meðstjórnendur og skiptir hún sjálf með sér verkum. Kjósa skal endurskoðanda úr hópi sjóðfélaga til eins árs.

Stjórn sjóðsins skal sjá um rekstur hans og reikningshald samkvæmt reglugerð þessari eða fela öðrum það. Hún skal halda gjörðabók og skrá í hana allar samþykktir. Til þess að samþykkt sé lögleg þarf meirihluti stjórnarmeðlima að greiða henni atkvæði. Til þess að skuldbinda sjóðinn þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna.

Rétt til atkvæðagreiðslu á fundum sjóðsins hafa allir virkir sjóðfélagar. Virkur sjóðfélagi, telst sá sem skuldar færri en fjórar iðgjaldagreiðslur. Á aðalfundi sjóðsins getur virkur sjóðfélagi neytt atkvæðisréttar síns bréflaga með atkvæðaseðli sem sendur er út með aðalfundarboði. Slík atkvæðagreiðsla tekur aðeins til stjórnarkjörs og reglugerðarbreytinga.

6. gr. Ávöxtun á fé sjóðsins.

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans eða felur öðrum það. Sjóðurinn skal ávaxtaður á eftirfarandi hátt:

- 1) Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
- 2) Í bönkum og sparisjóðum.

- 3) Í lánum tryggðum með veði í fasteignum, þó ekki yfir 50% af brunabótamati húsa og 75% af fasteignamati lóða. Ef brunabótamat er ekki fyrir hendi, eða það telst ófullnægjandi viðmiðun, skal miðað við matsverð, sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili framkvæmir.
- 4) Í skuldabréfum sveitarfélaga með trausta rekstrarlega afkomu og fjárhagslega stöðu.
- 5) Í traustum verðbréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands eða á Opna tilboðsmarkaðinum.
- 6) Í traustum erlendum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Þó má aldrei meira en 30% af eignum sjóðsins vera undir liðum 5 og 6.

Ekki er heimilt að fjárfesta samkvæmt liðum 5 og 6 án samþykkis stjórnar lífeyrissjóðsins.

7. gr. Bókhald, skipting vaxta og endurskoðun.

Fé það, sem hver sjóðfélagi leggur í séreignadeildina, skal vera séreign hans. Af bókhaldi sjóðsins skal jafnan vera hægt að sjá hvað hver einstakur hefur lagt í sjóðinn og fengið borgað úr honum og hver inneign hans er.

Séreignareikningar hvers sjóðfélaga, sem greiðir meira en lágmarksiðgjald til sjóðsins, skal vera í tvennu lagi a) og b).

Á a)reikning skal færa lágmarksiðgjöldin og tilheyrandi vexti og verðbætur.

Á b)reikning skal færa það, sem umfram er og tilheyrandi vexti og verðbætur.

Rekstrarkostnað sjóðsins skal greiða af sameiginlegum vaxtatekjum séreignadeildar og dánar- og örorkubótadeildar í beinu hlutfalli við meðalstöðu eigna deildanna á hverju ári.

Hreinar tekjur sjóðsins skiptast milli einstakra sjóðfélaga og dánar- og örorkubótadeildar í hlutfalli við eign hvers um sig og færast árlega á sérreikning þeirra.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á aðalfundi hans undirritaðir af stjórninni og tveimur endurskoðendum. Annar endurskoðandinn skal vera löggiltur en hinn úr hópi sjóðfélaga. Löggilti endurskoðandinn skal ráðinn af stjórn.

8. gr. Greiðslur úr séreignadeild.

- 1) Þegar sjóðfélagi er 65 ára á hann rétt á að fá greidda inneign sína í sjóðnum og skal sú greiðsla fara fram með jöfnum árgreiðslum á eigi skemmri tíma en 5 árum. Heimilt er sjóðfélagi, sem náð hefur 65 ára aldri, að fresta að taka út inneign sína um eitt ár í senn, og er honum jafnframt heimilt að greiða áfram iðgjöld í sjóðinn án þess að greiða í dánar- og örorkubótasjóð. Engu að síður skal greiðslum úr séreignadeild dreift á minnst 5 ár.
- 2) Þegar sjóðfélagi deyr, skal inneign hans ganga í dánarbú hans á fimm árum með jöfnum árlegum greiðslum og skiptast samkvæmt erfðafjárlögum.
- 3) Ef sjóðfélagi gerist vegna atvinnubreytingar sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði og fullnægir þar með lagaskyldu um iðgjaldagreiðslu, er sjóðstjórninni heimilt að flytja inneign hans í séreignadeild í þann sjóð. Það er skilyrði fyrir flutningnum, að gagnkvæmur samningur sé gerður milli sjóðanna um réttindaflutning.

Þegar greiðslu er krafist samkvæmt tölulíð

- 1) hér að framan, skal tilkynna stjórn sjóðsins það með minnst 6 mánaða fyrirvara.

9. gr. Dánar- og örorkubótasjóður.

Dánar- og örorkubótasjóður annast greiðslur örorkulífeyris og dánarbóta samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Sá sjóður er sameign allra sjóðfélaga. Tekjur hans eru framlög samkvæmt 4.mgr. 4.greinar og vaxtatekjur og verðbætur samkvæmt 7.grein.

Hver sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald til sjóðsins og verður vegna tímabundinnar eða varanlegrar örorku ófær til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt, og eigi á kost á öðru starfi við hans hæfi, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í allt að tíu ár ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur örorku hans 50% eða meiri, enda sé örorkan ekki sjálfskaparvíti.

Ekki greiðist örorkulífeyrir fyrir fyrstu 3 mánuði starfsorkumissisins.

Fullur örorkulífeyrir úr sjóðnum er þrefaldur einstaklingslífeyrir almanna-trygginganna.

Þrátt fyrir örorkuna getur enginn fengið fullan örorkulífeyri úr sjóðnum meðan skattskyldar tekjur hans nema meira en fimmföldum einstaklingslífeyri almanna-trygginganna. Ef skattskyldar tekjur öryrkjans eru meiri en fimmfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginganna, greiðir dánar- og örorkubótasjóðurinn það, sem á vantar, að öryrkinn nái áttföldum

einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Örorkulífeyririnn er jafn margir hundraðshlutar af fullum örorkulífeyri eins og örorkan er metin.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir. Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og önnur atriði, sem nauðsynlegt er að þekkja, til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Þegar öryrkinn verður 65 ára fellur örorkulífeyririnn niður, enda hefjast þá greiðslur úr séreignadeild.

Öryrkjar, sem eru á örorkulífeyri þegar framan greindar reglur ganga í gildi, njóta áfram lífeyris samkvæmt eldri reglum. Sama gildir um dánarbætur.

Deyi sjóðfélagi skal greiða úr dánar- og örorkubótasjóði það, sem á kann að vanta, að dánarbúið fái úr séreignadeild sem svarar þreföldu lágmarksiðgjaldi á fyrsta ári eftir lát sjóðfélagans, tvöföldu á öðru ári og einföldu á þriðja ári. Miða skal við lágmarksiðgjöld eins og þau eru á hverjum tíma. Hafi hinn látni verið eldri en 65 ára lækka framangreindar dánarbætur til dánarbús um 20% fyrir hvert ár, sem aldur

hans var umfram 65 ár. Þannig verða þær 80% hafi hann verið á 67. aldursári og komnar niður í 20% hafi hann verið á 70. aldursári, en engar hafi hann verið eldri en 70 ára.

Reynist dánar- og örorkubótasjóðurinn ekki fær um að inna af hendi þær greiðslur, sem honum ber samkvæmt þessari grein, skal fyrst nota heimild 4. mgr. 4. greinar til hækkunar á framlagi til deildarinnar. Reynist það ekki nægjanlegt, skal taka það, sem á vantar af öllum innstæðum í séreignadeild, sömu upphæð af hverri innstæðu a) reiknings.

10. gr. Bann við framsali og veðsetningu.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja inneign í sjóði þessum hvort heldur er í heild eða að hluta svo sem einstakar útborganir.

11. gr. Gerðadómur.

Ef ágreiningur er milli sjóðstjórnar og sjóðfélaga út af reglugerð þessari eða ákvörðun sjóðsstjórnar, má leggja ágreiningsatriðin fyrir þriggja manna gerðadóm. Hvor aðili nefnir til einn mann. Borgardómari tilnefnir oddamann.

12. gr. Breytingar á reglugerð.

Til breytinga á reglugerð þessari þarf 2/3 greiddra atkvæða sjóðfélaga á aðalfundi sjóðsins. Geta skal um breytingar í aðalfundarboði.